

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Akranesi 3. desember 2002.


**Umsögn um frumvarp til laga um tekjuskatt og eignarskatt, 324 mál.**

Vísað er til bréfs yðar dags. 19. nóvember 2002, þar sem óskað er umsagnar um ofangreint frumvarp. Háttvirtri efnahags- og viðskiptanefnd er þakkað fyrir tækifærið til að leggja hér orð í belg, en ég mun eingöngu fjalla í fáum orðum um 8. gr. frumvarpsins.

Sú skipulagsbreyting sem hér er lögð til miðar að því bráðnauðsynlega verkefni að styrkja skatteftirlit á landsbyggðinni. Af ýmsum ástæðum hefur verulega skort á að því hafi verið sinnt sem skyldi á undanförunum árum. Tel ég að nú sé svo komið að skatteftirlit, ekki sýst á landsbyggðinni, standi svo höllum fæti að aðgerðir á þessu sviði hljóti að vera forgangsverkefni í skattkerfinu. Þetta byrjunarskref sem stigið er með breytingartillögu 8.gr., til eflingar skatteftirlits á landsbyggðinni, er lítið skref á langri leið, en miðar þó í þá réttu átt að færa skatteftirlitsstörfin út í skattumdæmin. Er þarna gert ráð fyrir að sama skattstjóra verði gert kleift að fara með skatteftirlit í fleiri en einu skattumdæmi. Það gerir mögulegt að hafa eftirlitseiningarnar stærri og öflugri en um leið verður hægt að nýta staðarþekkingu hvers skattstjóra. Stjórnun og framkvæmd starfsins færir nær vettvanginum, sem horfir til meiri skilvirkni og fjárhagslegs sparnaðar. Skattstjórnarnir starfa allir að sama markmiði og með sömu starfssviði. Samstarf skattstjórana við skatteftirlit er því kostur sem hlýtur að vera vænlegur til árangurs.

Samkvæmt ofansögðu tel ég að með 8.gr. frv. sé gerð möguleg vænleg byrjunaðgerð í styrkingu skatteftirlits, með einfaldri skipulagsbreytingu. Það er hins vegar nokkuð ljóst að mun meiri aðgerða er þörf, en ekki verður hjá því komist að þær aðgerðir kosti fé úr ríkissjóði. En þá ber að hafa í huga að þeir fjármunir munu væntanlega skila sér ríflega til baka.

Virðingarfyllst,  
Skattstjóri Vesturlandsumdæmis,

  
Stefán Skjaldarson 